

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 543/2010 um Líféðlisfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

- a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Um samvinnu læknadeildar við aðrar deildir á heilbrigðisvínsindasviði, auk líf- og umhverfisvínsindadeilda, á sviði lífeðlisfræði skal gerður sérstakur sammingur þar sem fjallað er um verkefni innan einstakra fræðasviða, um þjónustukennslu og um fjármál.
- b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. 1. og 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Stjórn stofnunarinnar er skipuð þeim starfsmönnum sem upp eru taldir í a. lið 8. gr. og hafa fasta ráðningu á grundvelli hæfnisdóms í a.m.k. 50% starfshlutfalli. Auk þess sitja í stjórn einn fulltrúi nemenda í framhaldsnámi í lífeðlisfræði og einn fulltrúi annarra starfsmanna en þeirra sem áður eru tilgreindir.
- b. Í stað orðanna „Stjórn er heimilt“ í upphafi 2. mgr. kemur: Heimilt er.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart læknadeild og forseta heilbrigðisvínsindasviðs og eftir því sem nánar er kveðið á um í samstarfssamningi skv. 2. mgr. 1. gr.
- b. 3. mgr. fellur brott.

4. gr.

- 1. málsl. a. liðar 5. mgr. 8. gr. reglnanna orðast svo: Prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar í lífeðlisfræði við læknadeild og við aðrar deildir Háskóla Íslands á grundvelli samstarfssamnings skv. 2. mgr. 1. gr., sbr. einnig 5. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglnanna:

- a. a. liður 1. mgr. orðast svo: framlag frá læknadeild og öðrum deildum Háskóla Íslands í samræmi við ákvæði samstarfssamnings, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglna þessara.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans og læknadeilda.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, að fenginni tillögu stjórnar heilbrigðisvínsindasviðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 7. apríl 2017.

Jón Atli Benediktsson.

Pórður Kristinsson.